



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 137/503
komudagur 3.7.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. júní 2009.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., 31. mál, lagt fyrir 137. löggjafarþing Alþingis 2009.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 26. júní sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Efnisákvæði frumvarpsins hafa ekki bein áhrif á innheimtu opinberra gjalda eða aðra starfsemi embættisins. Það er hins vegar mat Tollstjóra að verði frumvarpið að lögum geti það í vissum tilvikum leitt til þess að auknir fjármunir verði til skipta við gjaldþrotaskipti á búum einstaklinga og fyrirtækja og þannig leitt til þess að kröfuhafar fái hærra hlutfall krafna sinna greitt við gjaldþrotaskiptin en annars.

Með vísan til ofanritaðs og þess ástands sem skapast hefur í þjóðfélaginu í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins er það mat embættisins að hagsmunum hins opinbera sé betur borgið með því að lengja tímabundið riftunarfresti í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri